

STARFSLEYFI

Vélaverkstæðið Þór

Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði

Norðursundi 13, fastanr. F2185112
900 Vestmannaeyjum

kt. 411164-0129

Nafn og kt. rekstraraðila: **Vélaverkstæðið Þór, kt. 411164-0129**
Heimilisfang: **Norðursund 13, 900 Vestmannaeyjum**

Útgáfudagur: 11. febrúar 2022 Gildir til: 11. febrúar 2034

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir málmsmiðjur og vélaverkstæði, dags. 11. febrúar 2022.**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 11. febrúar 2022



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

Vélaverkstæðið Þór

kt. 411164-0129

**Norðursundi 13,
900 Vestmannaeyjum**

vegna málmsmiðju og vélaverkstæðis í starfstöð fyrirtækisins að Norðursundi 13 í Vestmannaeyjum.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 14. janúar sl. umsókn Sævalds Páls Hallgrímssonar, kt. 270886-2729, f.h. Vélaverkstæðisins Þórs., kt. 411164-0129, um starfsleyfi fyrir málmsmiðju og vélaverkstæði að Norðursundi 13, Vestmannaeyjum.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Þann 17. janúar sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa í Vestmannaeyjum. Þann 17. janúar sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir málmsmiðju og vélaverkstæði á vegum Vélaverkstæðisins Þórs á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 14. janúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 10. febrúar sl.



4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Í 6. gr. samþykktar samþykktar nr. 1270/2021 fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 1. nóvember 2021, kemur fram að framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins sé heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. án þess að til formlegrar afgreiðslu heilbrigðisnefndar hafi komið, að því gefnu að engar athugasemdir hafi borist við auglýst starfsleyfi.


Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út til 12 ára, í samræmi við ofangreint. Útgáfa starfsleyfisins verður kynnt á næsta fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi 11. febrúar 2022.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,


Reynir Freyr Jakobsson
heilbrigðisfulltrúi.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR vélaverkstæði

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur véla- og viðgerðaverkstæða, verkstæða í sérhæfðum vélastillingum og spennaviðgerðum, renniverkstæða og annan sambærilegan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Halda skal húsnæði og umhverfi snyrtilegu. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.	737/2003 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.3	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. ónýtar vélar og vélahluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannaþæri eða valdi slyshættu.	sbr. ákvæði 2.1 og 2.2 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	

2.4	Búnaði eða lausamunum sem tilheyra rekstri skal komið snyrtilega fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á, vegna fokhættu, slyshættu eða það sé til lýta í umhverfi.	737/2003	
2.5	Staðsetning geymslugáma er háð leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda.	112/2012	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Um frágang, staðsetningu og uppsetningu olíutanka og lagna skal farið skv. ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Afla þarf tilskilinna leyfa fyrir staðsetningu olíutanka.	884/2017	
3.2	Eldsneytistankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á lekaheldu undirlagi með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olíugildru.	884/2017	
3.3	Gera skal fyrirbyggjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir olíumengun. Hafa tanka og tunnur í þróm eða lekabyttum, hafa árekstrarvarnir sem við á og hafa búnað til að bregðast við óhöppum.	884/2017	
3.4	Olíugildra skal vera á fráveitulögn frá vinnusvæðum. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.	798/1999	
3.5	Loftræstingu frá verkstæði skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða. Afsog skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur eða hreinsað á viðunandi hátt.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9 gr.	
3.6	Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni. Vélum og öðrum tækjum sem mikill hávaði (þung högg) stafar frá skal komið fyrir á púðum eða með öðrum þeim hætti sem tryggir að hávaði valdi ekki óþægindum í aðliggjandi húsnæði. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	

4. EFNAÖRYGGI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í loftræstum og læstum skáp með lekabyttu.	415/2014 og lög nr. 61/2013	

4.2 Öryggisblöð fyrir merkingarskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	
---	---	--

5. ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Gámum og örðum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum og skulu þau standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.	737/2003 17. gr.	
5.2 Dregið skal úr myndun úrgangs. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Um úrgang fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.	737/2003 11. gr.	
5.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurvinnslu.	806/1999 5. gr.	
5.4 Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum ílátum og á þann hátt að ekki sé hætta á að þau berist út í jarðveg eða fráveitu.	806/1999, rgl. nr. 415/2014 og lög nr. 61/2013	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, 11. febrúar 2022,

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Reynir Freyr Jakobsson,
heilbrigðisfulltrúi.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR málmsmiðjur (Járn-, stál-, ál- og blikksmiðjur)

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur málmsmiðja (almennra járn-, stál-, ál- og blikksmiðja)	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Halda skal húsnæði og umhverfi snyrtilegu. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.2	Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.3	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. ónýtar vélar og vélahluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.	737/2003 16. gr.	

2.4	Búnaður eða lausamunir sem tilheyra rekstri skal komið snyrtilega fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á, vegna fohættu, slyshættu eða það sé til lýta í umhverfi.	737/2003	
2.5	Staðsetning geymslugáma er háð leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda.	112/2012	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Loftræstingu frá vinnslurými skal þannig hátað að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða. Afsog frá vinnslurými skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur eða hreinsað á viðunandi hátt.	724/2008. rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.2	Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni. Vélum og öðrum tækjum sem mikill hávaði (þung högg) stafar frá skal komið fyrir á þúðum eða með öðrum þeim hætti sem tryggir að hávaði valdi ekki óþægindum í aðliggjandi húsnæði. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.3	Gera skal fyrirbyggjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun vegna olíu s.s. með lekabyttum, ísogsefnum, þéttidúk fyrir niðurföll og árekstrarvörnum.	550/2018 56. gr.	
3.4	Förgun á notaðri sýru og botnfalli úr sýrukörum skal fara fram í samráði við heilbrigðiseftirlit. Hlutleysa skal notaðar sýrur sem fargað er í fráveitu sveitarfélags. Fráveituvatn frá atvinnustarfsemi skal uppfylla kröfur sem fráveitusamþykktir sveitarfélaga setja.	798/1999	

4. EFNAÖRYGGI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp.	415/2014. lög nr. 61/2013	
4.2	Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	

5. ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum og skulu þau standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.	737/2003 17. gr.	
5.2	Dregið skal úr myndun úrgangs. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Um úrgang fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003 11. gr.	
5.3	Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurvinnslu.	806/1999 5. gr.	
5.4	Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum ílátum og á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í jarðveg eða fráveitu.	806/1999 8. gr., rgl. nr. 415/2014 og lög nr. 61/2013	


Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi 11. febrúar 2022.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.



Reynir Freyr Jakobsson,
heilbrigðisfulltrúi.

